

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 2002

9. september 2002

1711

Nr. 655

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Deiliskipulag norðursvæðis.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 26. júlí 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi sk. norðursvæðis í Vatnsenda. Bæjarráð samþykkti framlagða tillögu með eftirfarandi breytingum samanber umsögn skipulagsstjóra: Húsnúmerum við Breiðahvarf og Ennishvarf breytt. Innkeyrsla við Breiðahvarf 2 færð um 10 m til suðurs. Sumarbústaður við Breiðahvarf 2 verður með ótakmarkaðan stöðurétt. Hverfaverslun við Elliðavatnsveg felld út og mörk deiliskipulagssvæðisins færð til sem því nemur.

Jafnframt hafa verið gerðar að ósk Skipulagsstofnunar eftirfarandi breytingar: Kaflinn um frávik, upprætti og kostnað í skipulagsskilmálum færður á skýringarupprátt. Heildarflatarmál sumarhúss á svæði 14, reit 2 lagfært. Vitnað í byggingarreglugerð gr. 84 í sérákvæðum varðandi sorpgeymslur. Vísað til reglugerðar nr. 933/1999 varðandi hávaða. Tilgreint að staðsetning hestagerða sé leiðbeinandi. Sérákvæði í skipulagsskilmálum fyrir Fossahvarf 4, Fákahvarf 4 og Breiðahvarf 10 útskýrð betur. Nýtingarhlutfalli fyrir landnotkunarsvæði bætt við í greinargerð og umfjöllun um hesthús bætt við fyrir svæði 5 og 16 á reit 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. september 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.